

Riðuarfgerðargreiningar – hagnýt atriði fyrir sauðburð

Mikilvægur liður í innleiðingu verndandi arfgerða í sauðfjárstofninn er markvissar arfgerðargreiningar til að fylgja eftir notkun gripa sem bera verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerðir.



Eyþór Einarsson.

Nú stefnir í að umfang arfgerðargreininga verði meira en nokkrum sinnum áður í íslenski sauðfjárrækt. Skýringin á því er sú að í vetur voru notaðir mjög víða hrútar sem bera V eða MV arfgerðir og góð þátttaka var í sæðingum þar sem langmest var sett með ARR hrútum.

Nánast allir ARR hrútar og megnið af þeim sem bera MV arfgerðir eru arfblendnir og því er eina leiðin til þess að vita hvort lömbin sem fæðast undan þeim hafið hreppit hrossið er að arfgerðargreina þau. Hér fylgja upplýsingar um nokkur praktísk atriði.

Greining sýna, verð og niðurgreiðslur

Sýni á vegum RML eru greind hjá Íslenski erfðagreiningu. Heildarkostnaður við hvert sýni (greining, hylki, umsýsla) er 1.600 kr. + vsk. Matvælaráðuneytið mun styðja við verkefnið, til að hvetja til markvissrar ræktunar fyrir verndandi arfgerðum. Styrkir á hvert sýni úr gripum sem eru afkvæmi ARR gripa verða 1.300 kr. og á afkvæmi MV gripa 650 kr. Þá verða greiningar á öllum ásettum hrútum niðurgreiddar um 1.300 kr.

Verð til bænda eru því:

Af kvæmi ARR gripa: 300 kr. + vsk.
Af kvæmi MV gripa: 950 kr. + vsk.
Allir ásettir hrútar haustið 2024: 300 kr. + vsk.
Önnur sýni: 1.600 kr. + vsk.

Verndandi arfgerðir teljast hér allar arfgerðir sem innihalda ARR. Mögulega verndandi arfgerðir eru þær sem innihalda breytileikana T137, C151 og H154.

Styrkirinnir verða dregnir frá greiningarkostnaði þegar verkefnið verður gert upp í lok árs og verður þá miðað við upplýsingar í Fjávís 13. desember, en þá ætti að liggja fyrir hvaða hrútar voru settir á.

Styrkupphæð er birt með fyrirvara um að heildarupphæðin sem er eynamerkt verkefninu dugi en áætlanir gera ráð fyrir umfangsmiklum sýnatökum og almennri þátttöku í verkefninu. Verður því að teljast ólíklegt að til þess komi að styrkirinn lækki.

Pantanir

Hylki vegna sýnatöku og tangir er hægt að panta í gegnum heimasíðu RML. Á heimasíðunni er hnappur sem leiðir menn inn í netverslun þar sem hylkin eru nú pöntuð. Hvert hylki er selt á 300 kr. + vsk. og mun sú upphæð dragast af sýnatökukostnaði. Þannig að þegar búið er að kaupa hylki standa eftir 1.300 kr. + vsk. Eigi bændur hylki frá fyrra ári er hægt að nota þau.

Líkt og kynnt hefur verið, var einungis hægt að óska eftir því að sækja hylki á starfsstöð ef pantað væri fyrir 7. apríl, verða því hylkin sem pöntuð eru á næstu vikum send með pósti.

Úr hvaða lömbum þarf að taka sýni?

Áður en pantað er þurfa bændur að leggja niður fyrir sér umfangið.



Efni til sýnatöku; tóng, hylkin klár í númeraröð og sýnatökublað.

Mynd / Aðsend

Þeir sem munu eiga meira af lömbum með V og MV arfgerðir en nýtast til ásetnings gætu því þurft að takmarka eitthvað sýnatökuna, en óþarfi er að greina lömb sem fyrirsjáanlegt er að verði sláturlömb. Þar sem notaðir hafa verið arfblendnir hrútar og því „vinningslíkurnar“ 50% að lambið beri V eða MV arfgerð gæti þumalputtareglan verið að sýnatökupörfin verði rúmlega tvisvar sinnum sá fjöldi lamba sem setja skal á eða selja. Líklegt er að flestar gimbrar sem bera V eða MV nýtist til ásetnings en ljóst er að ekki verða allir hrútar settir á.

Áherslurnar ættu því að felast í því að taka sýni úr sæðingalömbunum, álitlegum ásetningslömbum sem gætu borið V eða MV arfgerðir og sérstaklega að reyna að ná úr öllum lömbum sem gætu verið arfhræin V/V eða MV/MV eða arfblendin V/MV. Mikill akkur er í því að koma upp hrútum sem fyrst sem bera tvö „græn flögg“ og á áhættusvæðum ætti annað flaggið að vera dökkgrænt (gripurinn beri a.m.k. eina ARR samsætu).

Framkvæmd sýnatöku

- Sýni sem taka á úr lömbum í vor er best að taka jafnóðum og markað er. Þar sem sýnið er tekið með tóng sem skilur eftir gat í eyranu, er upplagt að setja lambanúmerið í „sýnatökugatid“. Hylkjunum fylgja sýnatökublað (sem einnig verður hægt að prenta út úr Fjávís). Lambanúmerið er svo skráð hjá viðkomandi sýnanúmeri á sýnatökublaðinu.
- Mælt er með því að raða sýnahylkjunum upp í númeraröð (t.d. festa þau upp á vír) fyrir sauðburð. Það mun flýta fyrir skráningu og minnka villuhættu.
- Ekki er útséð með það hvort náist að uppfæra haustbókina fyrir komandi haust og því er óvíst hvort riðufloggin birtist í bókinni í haust. Því gæti verið gott, þegar vorbókin er skráð, að merkja í athugasemd að búið sé að taka DNA úr lambinu þannig að það komi í athugasemd haustbókarinnar.
- Til að niðurstöður komi inn á

gripina í Fjávís þarf að vera búið að forskrá sýnanúmerin á viðkomandi grip. Bændur þurfa því að skrá vorbókina fyrst og svo forskrá sýnin á gripina. Þetta þekkja þeir sem þegar hafa sent inn sýni og skráð í Fjávís. Fyrir þá sem þurfa að skrá mörg sýni getur verið heppilegt að forskrá þau með því að lesa inn exelskjál með upplýsingum um sýnanúmer, lambanúmer og fæðingarár (undir forskráningu er farið í „innlestur sýna á grip“).

- Hylkin má geyma úti í fjárhúsum. Eftir að búið er að taka sýnið þola þau bæði frost og nokkurn hita, en hins vegar er best þegar verið er að safna þeim saman yfir lengri tíma að geyma þau í ísskáp eða svölum stað þar sem ekki eru miklar hitasveiflur.

Að senda sýni

Þegar sýnatöku er lokið í vor er best að senda sýnin strax til greiningar. Í vor er lagt upp með að sýni af Norður- og Vesturlandi sé skilað inn á starfsstöð RML á Hvanneyri og sýni af Suður- og Austurlandi sé skilað inn á starfsstöð RML í Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á fylgiblöðum með hylkjunum. Með hylkjunum þarf að fylgja sýnatökublaðið en þau eru varðveitt hjá RML. Best er því að bóndinn sé búinn að forskrá sýnin þegar hann sendir þau frá sér, að öðrum kosti taki menn afrit/mynd af sýnatökublaðinu.

Eigi menn eftir hylki sem á t.d. að nota í haust, geta þeir prentað út sýnatökublað með þeim hylkjum sem til eru á lager búsin. En hér eftir verða hylkin sem afhent eru bónda skráð á búið í Fjávís og því munu bændur geta fylgst með því inn í Fjávís hvað þeir eiga af ónotuðum hylkjum.

Þar sem búist er við að mikið magn sýna komi inn að loknum sauðburði er ekki hægt að reikna með að niðurstöður fari að berast inn í Fjávís fyrr en líður á sumarið en allar niðurstöður ættu þó að vera komnar fyrir haustið.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktarsviði



Jafnari og betri dreifing og nýting köfnunarefnis næst með notkun slöngubúnaðar. Slöngubúnaður gerir kröfur um meiri þynningu á mykjunni en ef dreifisþjald er notað og það getur þýtt að fara þurfi fleiri ferðir þegar notaður er slöngubúnaður því magnið verður meira.

Myndir / Aðsendar

Vordreifing búfjáraður

Búfjáraðurur inniheldur meðal annars köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K) í því magni að með rétttri notkun hans má spara kaup á tilbúnum áburði í nokkrum mæli.



Eiríkur Loftsson.

Til að svo megi verða þarf dreifing að eiga sér stað á réttum tíma, við réttar aðstæður og að vandað sé til hennar. Til að átta sig á því hvaða næringarefni þurfa að koma annars staðar frá þarf að vita áburðarþarfir þeirra nytjaplantna sem bera skal á og eins innihald búfjáraðarinnar.

Form

Þegar N í búfjáraburði er mælt í efna- greiningum er niðurstaðan sett fram sem heildar N og sem N á formi ammoníum. Mismunurinn á þessum gildum gefur þá það magn af N sem er bundið í lífrænu efni búfjáraðarinnar. N á formi ammoníum verður aðgengilegt plöntum strax eða fljótt eftir dreifingu en N sem er bundið í lífrænu efni búfjáraðar er þá minna aðgengilegt plöntum en verður það á lengri tíma þegar lífræna efnið brotnar niður fyrir tilstuðlan ýmissa lífvera í jarðveginum. Hænsnaskítur er samt undantekning frá þessu því köfnunarefnið í honum umbreytist hratt á aðgengilegt form fyrir plöntur þó það sé að miklu leyti bundið í lífrænum samböndum.

Hlutfall N á formi ammoníum er meira í þynnri búfjáraburði s.s. mykju (u.p.b. 40-60%) heldur en í taði, í skít blönduðum undirburði eða moltu þar sem það er u.p.b. 20-30% af heildar N. Þetta er gott að hafa í huga þegar ákveðið er hvernig og hvar tilteknum búfjáraburði er dreift.

Þykkt mykju er misjöfn eftir aðstæðum og ræðst af því hve miklu er blandað í hana af vatni. Mikilvægt er að vita efnainnihald og þurrrefti mykjunnar við dreifingu svo finna megi út hve mikið er borið á af einstökum næringarefnum. Meiri þynning bætir nýtingu köfnunarefnis í mykju og eru þau áhrif talin ná niður í 2% þurrrefti.

Það er einnig breytilegt eftir aðstæðum hve mikið er af næringarefnum í taði og æskilegt að láta efnagreina sýni úr því.

Dreifing

Eins og fyrr segir er um eða ríflega helmjunga köfnunarefnis í mykju á formi ammoníum og er aðgengilegt plöntum fljótt eftir dreifingu

mykjunnar. Það er því best að dreifa mykju á vorin þegar plönturnar geta tekið þetta köfnunarefni upp hratt og vel og þannig að nýting þess verði sem best. Þegar hugað er að dreifingu verður að gæta þess að jarðvegurinn þoli örugglega þann þunga og umferð sem henni fylgir. Of mikil þjöppun jarðvegs skadar jarðvegsbyggingu og veldur verri nýtingu áburðar, lakari endingu sáðgreis og minni uppskeru. Þjöppun af umferð er líklega einn af þeim þáttum sem valda mestum skaða í túnækt. Dreifing á tún að hausti gefur jafnan verri nýtingu á köfnunarefni en vordreifing. Aðstæður og veður við dreifingu skipta máli, þannig verður nýting köfnunarefnis lakari við hærri lofthita og einnig eru áhrif af vindi neikvæð. Köfnunarefni tapast úr mykju sem liggur á yfirborði í lengri eða skemmri tíma, því hefur hæfileg úrkoma við dreifingu eða að henni lokinni jákvæð áhrif. Einnig veldur meiri þynning því að mykjan renni betur niður og liggja síður á yfirborði túns. Sum staðar hefur búfjáraburði verið dreift síðla vetrar eða í byrjun vorkomu á auða og freðna jörð m.a. vegna þess að geymslurými er ekki nægt. Við þær aðstæður ætti að dreifa áður en jörð fer að þidna þannig að umferð skaði jarðvegsbyggingu og eins að þynna mykju þannig að hún liggja sem minnst á yfirborði.

Við eðlilegar aðstæður er ekki hætt á að fosfór eða kalí úr búfjáraburði tapist. Þær aðstæður geta þó skapast ef áburður rennur á yfirborði burt af túni eða úr akri sem sjaldan ætti þó að gerast ef jörð er þýð. Mjög mikil úrkoma getur valdið útskolun þegar næringarefni skolast niður í jarðvegin og verða þannig ekki aðgengileg plöntum. Mest er hættan á að kalí og auðleystu köfnunarefni skoli þannig út og gerist þá helst í sendnu landi eða öðrum gljúpum jarðvegi.

Yfirleitt er ekki ástæða til að bera meira á af búfjáraburði en sem nemur því magni sem uppfyllir þarfir spildu fyrir fyrsta næringarefni af N, P eða K. Oftast á þetta við um kalí því búfjáraburður er jafnan kalíríkur. Jákvæð áhrif búfjáraðar á gæði jarðvegs og heilbrigði hans mæla með því að honum sé reglulega dreift á sem stærstan hluta ræktaðs lands þar sem því er við komið en eðlilegt er samt að mikilvægustu spildurnar hafi forgang að honum.

Búnaður

Við dreifingu á mykju hér á landi er algengast að á mykjuvagninum eða haugsugunni sem



Haugtað sem staðið hefur úti og verkast inniheldur lítið af köfnunarefni sem nýtist fljótt.

notuð eru til flutnings og dreifingar sé dreifisþjald eða slöngubúnaður. Helsti munurinn á þessum aðferðum er sá að slöngubúnaðurinn leggur mykjuna á yfirborð jarðvegsins þannig að mun minna af henni fer á túngróðurinn og spretta má vera komin lengra þegar dreift er á án þess að hætta sé á að uppskeran verði menguð eða ólustug. Jafnframt næst með slöngubúnaði jafnari og betri dreifing og nýting köfnunarefnis úr mykjunni verður að öllu jöfnu betri. Slöngubúnaður gerir kröfur um meiri þynningu á mykjunni en ef dreifisþjald er notað og það getur þýtt að fara þurfi fleiri ferðir þegar notaður er slöngubúnaður því magnið verður meira. Vandasamt getur verið á vorin að finna besta tímann til mykjudreifingar þannig að ekki verði skemmdir á túnum af umferð þungra tækja. Þeim bændum fjölga sem sjá hag í því að aka ekki með mykjuna út á tún í mykjuvögunum eða haugsugum, heldur deila henni beint úr hauggeymslu út á tún um slöngur og dreifa henni á túnin með slöngubúnaði aftan á dráttarvél (stundum nefnt naflastrengur).

Búfjáraburður eins og hálmskítur og heyblandað tað inniheldur lítið af köfnunarefni sem nýtist plöntum fljótt. Best er að nota hann í flög, plægja hann niður eða vinna hann vel niður. Ef undirburðurinn er stór hluti taðsins getur það í fyrstu haft neikvæð áhrif á nýtingu köfnunarefnis úr öðrum áburði. Ástæðan er sú að bakteríur í jarðveginum sem

brjóta niður plöntuleifar og annað lífrænt efni nota köfnunarefni sem orkugjafa og ef mikið gengur á hjá þeim getur tímabundið orðið skortur á köfnunarefni fyrir plöntur og hægir þá á sprettu þeirra. Þegar kemur fram á sumar og síðsumars má síðan búast við losun á köfnunarefni sem nýtist plöntum til sprettu. Svona búfjáraburður getur hentað vel í ræktun á grænifóðri og þegar sáð er í tún. Í kornrækt er plöntunum ætlað að spretta fljótt svo þær nái að þroska korn síðsumars. Því er að öllu jöfnu ekki skynsamlegt að nota svona búfjáraburð í kornakra því hætt er við að hann seinki kornþroska. Þegar nota á búfjáraburð í kornakra er betra að nota mykju þar sem meirihluti köfnunarefnisins er á formi ammoníum.

Haugtað sem staðið hefur úti og verkast inniheldur lítið af köfnunarefni sem nýtist fljótt. Það hentar vel sem áburður í flög en getur einnig hentað vel sem áburður á tún molni það nægilega niður við ávinnslu til að það berist ekki í fóðrið og spilli verkun þess.

Við dreifingu á taði gefa dreifarar sem kalla má tveggja þrepa dreifara betri og jafnari dreifingu en eldri og einfaldari dreifarar. Tveggja þrepa dreifarar eru með búnað (snúningskefli) sem mylur taðið á leið sinni að dreifiskífum sem kasta því síðan aftur og til hliðanna úr frá dreifaranum.

Höfundur er ráðunautur í jarðrækt.



Fisléttu fjárgrindurnar

Ótrúlega léttar og liprar. Hægt að krækja saman án aukahluta. Stærð 180 x 100 cm. Þéttari bil í neðri hluta.

Óbreytt verð:

Verð kr. 9.900 auk vsk. ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri.

Verð 1 stk. kr. 11.900 auk vsk.

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.



Pantanir og upplýsingar í sínum 899-1776 og 669-1336.

VARAHLUTIR Í KERRUR



KNOTT
AL-KO
QUALITY FOR LIFE
DEXTER

Bílabúðin
Stál og stansar



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogsstansar.is

NÝI ÖKUSKÓLINN

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar Íslensk og ensk námskeið

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag heilsuseturs á Krosseyri.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsuseturs þar sem skilgreindir eru sex byggingarreitir en skipulagssvæðið er rúm 4 ha að stærð. Lögð er áhersla á vistvæna hönnun. Tillagan er í samræmi við þær heimildir fyrir annars konar þjónustu á landbúnaðarsvæðum skv. skilgreiningu gildandi aðalskipulags.

Deiliskipulag skóla-, íþrótt- og þjónustusvæðis á Bíldudal.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóð fyrir nýjan grunn- og leikskóla á Bíldudal ásamt því að búa til heildstætt skóla-, íþrótt- og þjónustusvæði. Deiliskipulagið er um 1 ha að stærð og afmarkast við Hafnarbraut í norðri og strandlínu í suðri.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 25. mars til 6. maí 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is sem og undir málnúmerum 309/2024 og 307/202 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 6. maí 2024.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.



Vesturbyggð

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar